

HÚSÖNDIN

48.tbl. 2.árg.
30.jan.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 31. JANÚAR- 6. FEBRÚAR

- 31.1 *Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir*
2.2 *Eygló Karlsdóttir*
3.2 *Lára Ingvarsdóttir*
4.2 *Hulda Björk Marteinsdóttir, Heiðbjört Einarsdóttir,
Jökull Semundarson*
6.2 *Ewa Alicja Marsula*

Jarðböðin við Mývatn óska eftir að ráða
sumarstarfsfólk í afgreiðslu og í Kaffi Kvikku



Störfin fela í sér afgreiðslustörf, útavakt, þrif, símaörslu og annað sem til fellur. Hæfni í mannlegum samskiptum og lipurð í starfi er nauðsyn og þá verður viðkomandi að hafa gott vald á ensku, bæði í tali og skrifum. Reynsla af afgreiðslustörfum, þrifum og samskiptum við ferðaskrifstofur er mikill kostur.

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda til mannauðs- og markaðsstjóra Jarðbaðanna á netfangið ragnhildur@jardbodin.is

Jarðböðin er ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Fyrirtækið var stofnað 2004 og hefur með árunum fest sig í sessi í hjörtum heimamanna og ferðafólks hvaðan af úr heiminum. Jarðböðin er lifandi vinnustaður þar sem metnaður og þjónustulund eru höfð að leiðarljósi og markmiðið er ávallt að tryggja gestum einstaka upplifun.

Viðtalstími skipulagsfulltrúa mánudaga-fimmtudaga kl. 10-11



Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa samþykkt að halda áfram samstarfi sínu í skipulags- og byggingarmálum.

Skipulagsfulltrúi:

Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps er Guðjón Vésteinsson. Hann er sameiginlegur skipulagsfulltrúi með Þingeyjarsveit. Hann er íbúum til ráðgjafar um almenn skipulagsmál. Hann er til viðtals á skrifstofu Skútustaðahrepps **mánudaga til fimmtudaga frá kl. 11:00-12:00.**

gudjon@skutustadahreppur.is

Sími 464-4163

Byggingarfulltrúi:

Byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps er Helga Sveinbjörnsdóttir. Hún er sameiginlegur byggingarfulltrúi með Þingeyjarsveit. Hún er íbúum til ráðgjafar um almenn byggingarmál.

helga@thingeyjarsveit.is

Sími 464-3322

Skipulagsnefnd:

Meginhlutverk skipulagsnefndar Skútustaðahrepps er að móta stefnu í skipulags- og samgöngumálum fyrir sveitarfélagið með bætt búsetuskilyrði og eflingu mannlífs í sveitarfélaginu að leiðarljósi. Skipulagsnefnd fundar að jafnaði þriðja hvern þriðjudag í mánuði (sjá fundadagatal á heimasíðu). Erindi og umsóknir sem skipulagsnefnd skal taka fyrir þurfa að berast **í síðasta lagi klukkan 12:00 á fimmtudegi fyrir fund skipulagsnefndar.**

Skútustaðahreppur

ICELANDIC!!

Icelandic courses in Mývatn will start 3rd and 4th of February

1A Fridays and Sundays at 16-18

1B at 14-16 Fridays and Mondays

Our teacher is Sólveig Jónsdóttir

Sign up at ditta@hac.is

If you want more advanced lessons or have any questions about learning Icelandic please contact ditta@hac.is



Þekkingarnet
Þingeyinga



Vinsamlega leggið ekki bílum á gangstéttir til að auðvelda snjómokstur

Kæru íbúar í Reykjahlíð. Skútustaðahreppur hefur verið að auka snjómokstursþjónustu í þorpinu með því að ryðja gangstéttir þegar aðstæður leyfa.

Til þess að auðvelda snjómokstur á gangstéttum og til að auka öryggi gangandi vegfarenda, er afar mikilvægt að bílum sé ekki lagt upp á gangstéttir því þeir eru fyrir bæði snjómoksturtækjum og göngugörpum.

Setjum umferðaröryggi á oddinn – engu bíla á gangstéttirnar!

Áhaldahús Skútustaðahrepps

VISKÍ 101 - GRUNNNÁMSKEIÐ-

Veistu hvað þú ert að drekka? Þekkir þú söguna?

Er viskíið gullið eða rafgullið? Er það einmöltungur eða blandað?

Er það Highland eða Lowland? Hvað er Speyside og Islay?

Á námskeiðinu er farið í söguna, upphaf viskíframleiðslu og þróun til dagsins í dag. Lönd og svæði skoðuð, en áhersla er samt á Skotlandi. Einnig spáð í Búrbon og rúgvíski.

Á námskeiði eru prófaðar sirka 9 tegundir, meðan glærusýning er keyrð og spallað um það, sem menn langar að vita meira um.

Hvenær: 8.feb kl.20

Hvar: Skjólbrekka

Kostar: 8000kr.

Skráning: ditta@hac.is



Um Snorrann:

Snorri Guðvarðsson er málaramestari á Akureyri, sem hefur sérhæft sig í vinnu við friðuð hús og þá aðallega kirkjur. Þar snýst vinnan um viðar- og marmaramálun, gyllingu og og alls kyns skreytingar, ásamt vinnu með línólíumálningu og önnur efni fyrri tíma. Hann hefur líka verið í hljómsveitum frá unga aldri og var m.a. í Hljómsveit Ingimars Eydal í 14 ár. Fékk á fullorðinsárum áhuga á viskí og öllu, sem það snertir. Hann hefur verið með kynningar fyrir umboðin, ásamt námskeiðum m.a. fyrir símey.is, farskolinn.is ásamt alls kyns námskeiðum fyrir klúbba, félagasamtök, vinnu- og vinahópa, starfsmannafélög o.s. frv.





Auglýsing um fyrirhugaða deiliskipulagsgerð í Skútustaðahreppi

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps kynnir hér með eftirfarandi skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar í Skútustaðahreppi:

Deiliskipulag Höfða:

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að vinna skipulag af útvistarsvæðinu Höfða til að móta stefnu um uppbyggingu stíga og áningarstaða og ákvarða forsendur um framkvæmdir og rekstur á svæðinu. Markmiðið er að Höfði og Kálfaströnd verði bætt sem útvistarsvæði og áningarstaður og tryggt verði að umferð gesta spilli hvorki umhverfi né menningarminjum. Áhersla verður lögð á bætt aðgengi og þar með betri stýringu gesta um svæðið í þeim tilgangi að minnka og dreifa álagi. Bæta á gönguleiðir og tryggja aðgengi fyrir alla þar sem því verður komið við og lögð verður áhersla á fjölbreytni svæðisins og einkenni. Gert verði ráð fyrir aðstöðu til fræðslu um sögu svæðisins og umhverfi og fyrir ferðamenn og þjónustu við þá, m.a. með salernum og aðgangsstýringu þar sem við á.

Deiliskipulag Tengivirkis á Hólasandi:

Bygging tengivirkis á Hólasandi er hluti af framkvæmdum við Hólasandslínu 3, sem áætlað er að liggja á milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og fyrirhugaðs tengivirkis á Hólasandi. Jafnframt munu núverandi raflínur frá Kröflu og Þeistareykjum tengjast tengivirkinu.

Hólasandslína 3 verður hluti meginflutningskerfis raforku. Tilgangur Landsnets með byggingu línunnar er að auka flutningsgetu og bæta stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi, auka hagkvæmni í orkuvinnslunni með sterkari samtengingu virkjanasvæða og þjóna núverandi starfsemi á Norður- og Austurlandi auk þeirrar uppbyggingar sem reikna má með á næstu áratugum. Framkvæmdirnar eru einnig mikilvægar fyrir flutningskerfi landsins í heild sinni þar sem um er að ræða mikilvægan lið í styrkingu á veiku flutningskerfi utan suðvesturhornsins. Línan mun bæta afhendingaröryggi raforku til notenda á Norður- og Austurlandi

Breyting á deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar:

Tillaga að breyttu deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar er sett fram þar sem óskað hefur verið eftir stækkun á verslun Samkaupa. Einnig er áætlað að byggja þjónustukjarna á svæðinu þar sem m.a. gert er ráð fyrir veitingastað, skrifstofuhúsnæði, áfengisverslun, bankastofnun, almennum snyrtingum o.fl.. Mikill fjöldi ferðamanna sækir þjónustu sem þarna er boðið uppá og skapast oft á tíðum vandamál með bíla- og rútustæði. Nauðsynlegt er að stækka bílastæði og gera ráð fyrir sérstökum stæðum fyrir rútur og bíla með ferðavagna. Í breytingartillögunni verða metnir byggingarmöguleikar vestan Helluhrauns. Þar kemur til greina að byggja lágrest íbúðarhús sem falla vel að aðliggjandi byggð.

Athugasemdir við skipulagslýsingar:

Þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórn við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsingar skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með fimmtudeginum 31. janúar 2019 til og með fimmtudeginum 21. febrúar 2019. Lýsingarnar verða einnig aðgengilegar á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps:

www.skutustadahreppur.is undir: Skipulagsauglýsingar (hnappur efst á forsíðu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsingarnar eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 21. febrúar 2019 til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða á tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Guðjón Vésteinsson

Skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps